

Sundkortíð í símann



Nýtt afgreiðslukerfi hefur verið tekið upp í íþróttamiðstöðvum Ísafjarðarbæjar sem gerir gestum kleift að sækja sundkort og líkamsræktarkort í símann.

Hægt að kaupa áskriftarkort, skiptakort og stakan aðgang á kort.isafjordur.is.

Þau sem eiga kort nú þegar geta sótt þau í símaveskið sitt á sömu vefslóð.

Nauðsynlegt er að vera með rafræn skilríki til að notfæra sér þessa afgreiðslulausn en þau sem ekki eru með slík skilríki geta áfram keypt miða á gamla mátann í afgreiðslu íþróttamiðstöðva og sundlauga. Starfsfólk er þó sérstaklega hvatt til þess að nýta sér þessa góðu lausn enda er hún mjög til hægðarauka.

Fastráðið starfsfólk eða starfsfólk með tímabundna ráðningu í að minnsta kosti eitt ár, fær sjálfkrafa 50% afslátt af árskort í sund, hvort sem það kaupir kortið á staðnum eða í gegnum kort.isafjordur.is. Starfsmannalisti er uppfærður í afgreiðslukerfinu á þriggja mánaða fresti. Ef afslátturinn birtist ekki þarf starfsmaður að biðja yfirmann að senda nafn og kennitölu starfsmanns á innheimta@isafjordur.is.

Ef farið er í sund í Bolungarvík sýnir þú einfaldlega árskortíð þitt hjá Ísafjarðarbæ í símaveskinu og starfsmaður sundlaugarinnar í Bolungarvík stofnar þá árskort þar þér að kostnaðarlausu. Einnig má nálgast reikning/kvittun á innri síðunni.

Afslátturinn gildir aðeins ef sundkortíð er keypt hjá sundlaugum Ísafjarðarbæjar. Ekki er veittur afsláttur samhliða öðrum tilboðum ef svo ber undir.



Farðu inn á kort.isafjordur.is.



Skráðu þig inn með rafrænum skilríkjum.



Kauptu árskort (verðið birtist sjálfkrafa með 50% afslætti) eða finndu núverandi kort undir innskráðum notanda.



Veldu *Sækja kort í síma* til að setja kortið í veskið í símanum. Virkar bæði í Google Wallet og Apple Wallet.



Veldu kortið í veskinu til að fá upp QR-kóða.



Berðu kóðann að skannanum.



ÍSAFJARÐARBÆR